

## 42. fundur í æskulýðsnefnd 28. mars 2011 kl. 17:30, Ráðhúsið

Mættir: Eydís Eyþórsdóttir, Einar Gunnarsson, Erna Rut Kristjánsdóttir, Ingi Ingason, Helga Guðmundsdóttir formaður og Helga Sveinsdóttir.

1. Eydís tómsstundafulltrúi fór yfir félagsmál. Unglingarnir fóru á Samfés-ball í Laugardalshöllinni 4. mars og gekk það mjög vel. Gengur vel í X – inu, góð mæting hjá yngri krökkunum en upp og ofan hjá þeim eldri. 7. apríl mun fara fram forvarnarfræðsla í skólanum frá lögreglunni. Rætt um hvað gert er í forvarnarmálum í skólanum og hvað kemur til greina fyrir hvern aldur. Tölvunotkun/fíkn unglunga er kannski það helsta sem þyrfti að taka á hér í Stykkishólmi. Ákveðið að kanna betur með slíka forvörn og styrki sem fengjust til að standa að þessu.

Ingi spurðist fyrir um félagsstarf aldraðra fyrir þá sem ekki komast út úr húsi. Eydís sagði að því væri vel sinnt eins og starfinu í Setrinu.

Ingi spurðist fyrir um hvort eitthvað hefði komið til greina að setja upp myndavélar þegar komið er inn í bæinn. Gæti slíkt komið til greina sem hluti af forvörn?

2. Rætt um hvort leikjanámskeið yrði haldið aftur eins og í fyrra. Helga G. sagði að stefnt væri að því en nauðsynlegt er að halda fund með stjórn Snæfells fljótlega.

3. Vignir sendi inn fyrirspurn um hvort ætti að setja upp stubbahús við íþróttamiðstöðina þar sem hann þarf að þrifa upp mikið magn af stubbum eftir leiki. Ákveðið að ræða þetta nánar þegar fundað verður með stjórn Snæfells.

4. Helga G. sendi okkur auglýsingu um málþing um ungt fólk á Snæfellsnesi „Þátttaka er lífstíll“ á vegum UMFÍ haldið í sal Fjölbautaskóla Snæfellinga 28. apríl kl.12:30. Æskulýðsnefndin stefnir að því að mæta þar.

5. Gyða, Vignir og Helga G. hittust og settu niður nokkra punkta í tengslum við stærri atburði sem haldnir eru í íþróttahúsinu. Unnið verður nánar úr því.

6. Fundað var með leikfélaginu í sambandi við æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir. Það er ekki falt til að taka á móti böndum þangað. Helst er horft til húsnæðis í tónlistarskólanum.

7. Ungmennaráð stefnir að því að hafa opið hús í X – inu næstu fjögur mánudagskvöld fyrir 16 ára og eldri.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 19:10

Helga Sveinsdóttir (sign),

Eydís Eypórsdóttir (sign),

Einar Gunnarsson (sign),

Erna Rut Kristjánsdóttir (sign),

Ingi Ingason (sign),

Helga Guðmundsdóttir (sign).